



Umhverfis og skipulagssvið Hafnarfjarðar
Norðurhella 2
221 Hafnarfjörður
skipulag@hafnarfjordur.is

Reykjavík, 7. febrúar 2023

Efni: Umsögn Veitna vegna breytinga á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna Hamranes M3

Hafnarfjörður auglýsir breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna Hamranes M3. Breytingin felst í breytingu á greinargerð þar sem heimiluð er fjölgun íbúða úr 1500 í 1900 auk 80 þjónustueininga á hjúkrunarheimili.

Veitur vilja ítreka áður innsendar athugasemdir vegna breytinga á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 dagsettar 16. desember 2022 (sjá viðhengi).

Þá vilja Veitur jafnframt leiðrétta það sem kom fram í fyrrgreindum athugasemdum þess efnis að hið rétta er að dreifikerfi hitaveitu Veitna í Hamranesi er lagt að mestu árið 2020 og 2021 en ekki 2021 og 2022 líkt og áður kom fram.

Samkvæmt upplýsingum sem komu fram á samræmingarfundi þann 20. maí 2020 með VSB verkfræðistofu og öðrum aðilum er koma að stofnkerfum svæðisins var dreifikerfi hitaveitu í Hamranesi hannað og lagt af Veitum. Við hönnun og framkvæmd dreifikerfisins var litið til framkominna upplýsinga og tekið tillit til þess að áætlað uppbyggingarmagn svæðisins væru um 1500 íbúðir.

Því er ljóst að fyrirhuguð breyting skipulags svæðisins og uppbyggingarmagns mun hafa nokkur áhrif á dreifikerfið sem hefur verið lagt á svæðinu. Uppbyggingarmagn svæðisins hefur verið aukið um rúman fjórðung frá fyrri áætlunum, úr 1500 í rúmlega 1900, auk 80 þjónustueininga á hjúkrunarheimili.

Við breytingu uppbyggingarmagns og endurskoðun skipulags svæðisins virðist sem að samráði við Veitur vegna dreifikerfis hitaveitu í Hamranesi hafi verið af ábótavant. Í ljósi þessara breytinga vilja Veitur benda á að þörf er á frekari endurskoðun og framkvæmda við dreifikerfið á svæðinu með tilliti til nýrra upplýsinga.

Jafnframt óska Veitur eftir öflugra samráði og samstarfi í framhaldinu við breytingar sem hafa áhrif á dreifikerfi Veitna á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Helga Rún Guðmundsdóttir
f.h. Veitna ohf.